

# Íþróttir og fjármál félaga í Reykjavík

Ómar Einarsson, janúar 2025



“Lífinu verður að lifa með því að horfa fram,  en það skilst ekki nema með því að horfa aftur”

Sören Kierkegaard

# FJÁRMÁL REYKJAVÍKURBORGAR 2025
# ÍÞRÓTTIR

| | |
|---|---|
| Rekstur íþróttamannvirkja | 2.5 milljarðar |
| Greiðslur til félaga/fyrirtækja vegna rekstur íþróttamannvirkja | 3.7 milljarðar |
| Frístundakortið | 1.1 milljarður |
| Húsaleigu og æfingastyrkir | 0.5 milljarður |
| Styrkir til íþróttafélaga | 1.2 milljarðar |
| **ALLS** | **9.0 milljarðar** |
| | |
| Rekstur sundlauga | 3.0 milljarðar |



# Greiðslur til félaga vegna Frístundakorts

| | 2023 | 2024 |
|---|---|---|
| Fjölnir | 111.072.429 kr | 111.961.627 kr |
| Fram | 51.047.702 kr | 51.001.120 kr |
| Fylkir | 63.755.637 kr | 61.186.105 kr |
| Leiknir | 9.162.702 kr | 11.574.923 kr |
| IR | 61.853.780 kr | 67.869.602 kr |
| Víkingur | 57.495.647 kr | 66.158.698 kr |
| Ármann | 70.533.733 kr | 71.732.295 kr |
| Þróttur | 43.741.271 kr | 39.682.795 kr |
| TBR | 7.715.016 kr | 9.390.266 kr |
| Valur | 57.408.361 kr | 62.299.589 kr |
| KR | 64.851.349 kr | 63.334.400 kr |
| Önnur félög | 534.002.427 kr | 540.236.082 kr |

# FRÍSTUNDAKORTIÐ

- 17.019 börn 6-18 ára ráðstafa Frístundakorti eða 82% barna í Reykjavík = 1.130.401.894 kr

| | | | |
|---|---|---|---|
| • Frístundakorti ráðstafað til íþróttafélaga | 61% | = | 690.571.622 kr |
| • Frístundakorti ráðstafað til lista og menningar | 19% | = | 216.211.923 kr |
| • Frístundakort í líkamsrækt | 13% | = | 153.180.490 kr |
| • Frístundakort í annað | 6% | = | 70.437.859 kr |

- Fjöldi félaga með aðild að frístundakorti 240

ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

Í samningi milli Reykjavíkurborgar og ÍBR, f.h félaganna, frá 20.febrúar 2024 segir m.a:

„ Íþróttafélögin skulu fyrir 15.október ár hvert leggja fram áætlun til MÍR og ÍBR um íþróttastarf og áherslur næsta árs“

GRÍÐARLEGA MIKILVÆGT AÐ ÞETTA SÉ GERT

„Skilyrði fyrir styrkveitingum er að íþróttafélag hafi staðið skil á ársreikningi og starfsskýrslu í samræmi við lög ÍBR“

ÞETTA VERÐUR AÐ UPPFYLLA

„Á samningstímanum verður unnið að því að koma á söfnun tölfræðigagna um hreyfingu og íþróttir og um nýtingu mannvirkja,iðkun og aðsókn“

LIGGUR ÞETTA FYRIR EÐA ER ÞETTA Í FERLI?

# Tölfræði

Tölulegar staðreyndir skipta gríðarlega miklu máli,m.a fyrir kjörna fulltrúa

- Heildar fjöldi iðkenda
- Fjöldi iðkenda yngri en 18 ára
- Fjöldi starfsmanna
- Fjöldi þjálfara
- Fjöldi sjálfboðaliða
- Launa-  og verktakagreiðslur félaga
- Þjálfarakostnaður félaga
- Aðsókn á leiki og mót

NAUÐSYNLEGT AÐ UPPLÝSINGAR UM ÞETTA LIGGI  FYRIR



# Kostnaður félaga og starfsfólk

- Launa og verktakagreiðslur hverfisfélaganna voru árið 2023  um 3.4 milljarðar
- Launagreiðslur knattspyrnudeilda félaganna í Reykjavík voru um 1.5 milljarður 2023
- Launagreiðslur allra knattspyrnudeilda á landinu voru um 3.8 milljarðar 2023
- Fjöldi stjórnarfólks og deilda hverfafélaganna eru um 530
- Starfsfólk aðalstjórna hverfafélaganna eru um 60 (ekki rekstur mannvirkja)

# SAMNINGURINN
# Í samningnum milli Reykjavíkurborgar og ÍBR, f.h félaganna segir m.a:

„Á samningstímanum munu borgaryfirvöld og ÍBR skoða sérstaklega atriði eins og lengingu æfingatímabils, hlutverk íþróttafulltrúa, þjálfarakostnað félaganna og íþróttaakstur í hverfum. Einnig verður styrkjakerfið í heild sinni endurskoðað með einföldun, gagnsæi og jafnræði að leiðarljósi.

Vinna hefur farið fram samkvæmt fyrri samningi og er markmiðið að vinna áfram að útfærslu styrkjakerfisins. Stefnt er að því að klára þessa vinnu fyrir 1.maí 2025 og að breytingar taki gildi á árinu 2026“



**SAMSTARFSSAMNINGUR**

**Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur, f.h. íþróttafélaga í Reykjavík**

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, og Íþróttabandalag Reykjavíkur (hér eftir nefnt ÍBR), kt. 670169-1709, f.h. aðildarfélaga sinna, hér eftir nefndir samningsaðilar, gera með sér eftirfarandi samstarfssamning. Samningurinn kveður á um samskiptamál, styrkveitingar, rekstur, framkvæmdir og önnur sameiginleg hagsmunamál.

**1. gr.**

Markmið samningsins er að efla tengsl aðila til að íþróttastarf í Reykjavík verði fjölbreytt og kraftmikið, borgarbúum til heilla. Í því felst að skapa sem bestar aðstæður til að reka starfsemi sem tryggir borgarbúum öflugt íþróttastarf, einkum í barna- og unglingastarfi en einnig í afreksíþróttastarfi, almenningsíþróttum og hreyfingu eldri borgara.

Markmið samningsins er að framfylgja stefnu Reykjavíkurborgar í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030 og samþykktri aðgerðaráætlun.

**2. gr.**

Menningar-, íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt MÍT) og stjórn ÍBR bera ábyrgð á samningi þessum. Framkvæmdastjóri/sviðsstjóri og skrifstofur þessara aðila annast dagleg samskipti aðila og framkvæmd. Aðalstjórnir íþróttafélaganna fara með réttindi og skyldur viðkomandi félags í samningi þessum f.h. félaganna. Aðalstjórn hvers íþróttafélags ábyrgist þá þjónustu sem samningur þessi mælir fyrir um og gerir jafnframt skrifstofum menningar- og íþróttasviðs (hér eftir nefnt MÍR) og ÍBR grein fyrir starfsemi félagsins í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Þegar fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar liggur fyrir gefur ÍBR út greiðsluyfirlit eigi síðar en 1. febrúar komandi árs til handa þeim félögum sem þiggja styrki samkvæmt samningi þessum. Þar koma fram upphæðir þeirra styrkja sem verður úthlutað og helstu atriði sem félögin þurfa að standa skil á samkvæmt samningi þessum til að fá greiðslur.

**3. gr.**

Formaður/framkvæmdastjóri íþróttafélags er í forsvari fyrir aðalstjórn félagsins varðandi samning þennan og fyrirsvarsmaður gagnvart ÍBR og Reykjavíkurborg. Fulltrúi stjórnar íþróttafélagsins, tekur þátt í að samræma starf þeirra aðila er vinna að íþrótta- og tómstundamálum í því hverfi sem félagið starfar. Má þar nefna frístundamiðstöðvar, lögreglu, skóla, önnur æskulýðssamtök og þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar.

# Hvernig er staðan?

Fyrir liggur skýrsla starfshóps um endurskoðun á styrkveitingum til íþróttafélag frá október 2022



50 blaðsíðna góð skýrsla með mörgum tillögum

**Þessi hópur skoðaði sérstaklega:**

- Lengd æfingatímabila og fjölda æfinga í ólíkum íþróttagreinum
- Aðstöðu íþróttagreina vegna mannvirkja sem eru í notkun allt árið
- Hlutverk íþróttafulltrúa
- Þjálfarakostnað félaganna
- Ferðastyrki íþróttafélaga
- Þörf á frístundaakstri
- Styrki vegna þjónustu félagann með tilliti til stærðar félaga



# Spíta í lófana

- Ekki seinna vænna að spíta í lófana og klára málið.
    - Einungis 100 dagar til stefnu
- Því ef fram fer sem horfir gæti farið illa hjá mörgum deildum og félögum
- Fjórar knattspyrnudeildir reknar með 100 m.kr tapi 2023
- Tap á þremur boltagreinum samtal 150  m.kr 2023
- Hagnaður á þremur boltagreinum 80 m.kr 2023
- Rekstur hverfafélaganna 2023:  7 milljarðar í gjöld og 7 milljarðar í tekjur



Barna og unglingastarf félaganna ekki að valda félögunum erfiðleikum í rekstri

Rekstur félaganna  hins vegar almennt erfiður

Of mikið álag á starfsmenn-sjálfboðaliða og stjórnarfólk

Miklar og nýjar kröfur á félögin m.a. frá borginni í samningnum

Kröfur sem félögin þurfa að uppfylla, en hafa ekki mannskap til að ráða við verkefnin

Almennt er afreksstarf í einstaklings og hópíþróttum  áskorun í rekstri margra félaga

Rekstur þriggja sérsambanda rekin með 240 m.kr tapi 2023




Í stefnumótun íþróttamála Reykjavíkur til 2030 ,sem unnin var á vegum Reykjavíkurborgar og ÍBR segir m.a um rekstur hverfisíþróttafélaganna:

- Heildar rekstrarniðurstaða hverfafélaganna er að versna
- Rekstrarkostnaður mannvirkja,án launa,hefur aukist talsvert umfram verðlag,sem þýðir að sá rekstur er að verða æ meiri baggi á félögunum
- Heildar launakostnaður félaganna hefur vaxið gríðarlega,eða um 50% frá 2014
- Ef aðeins er horft á launakostnað aðalstjórna,skrifstofukostnað og rekstur mannvirkja þá er hækkunin um 30% á sama tíma
- Framlag til rekstur hefur aftur á móti aðeins hækkað um 20%,sem þýðir að félögin þurfa í meira mæli að treysta á sjálfsaflafé

# Félögin

- Sérsambönd með aðild að ÍSÍ 34
- Félög með aðild að ÍBR 77
- Virkir félagsmenn í félögum með aðild að ÍBR 41.000

Íbúafjöldi á bak við hverfafélögin ( tölur frá 2021)

| | **Heild** | **6-18 ára** | **Fjölgun 6-15 ára til 2030 vegna nýbygginga** |
|---|---|---|---|
| ÍR | 22.253 | 3.356 | 313 |
| KR | 18.019 | 2.554 | 448 |
| Fjölnir | 17.966 | 2.742 | 226 |
| Ármann/Þróttur | 17.870 | 2.711 | 1.862 |
| Víkingur | 16.195 | 2.391 | 295 |
| Fylkir | 11.618 | 2.138 | 77 |
| Fram | 7.950 | 1.630 | 177 |

Er lágmarksstærð á bakvið hverfafélag 20.000 íbúar eða 30.000 ?

Reglur um hverfafélög eru í grunninn gamlar,  í þeim er gerð krafa um að hverfafélag bjóði uppá a.m.k þrjár greinar og þar af tvær boltagreinar

Starf íþróttafélaganna er eitt öflugasta forvarnarstarf sem til er og íþróttafélögin eru fyrst og fremst til staðar, til að veita góða þjónustu, sem þau eru að gera

**Eftirfarandi þættir skipta meðal annars máli hvað þetta varðar:**

- Fjöldi iðkenda í hverfi og hversu margir iðkendur njóta þeirrar þjónustu sem stendur til boða hverju sinni
- Fjöldi íbúa sem fellur undir hverfafélagið, bæði eldri og yngri
- Fjöldi deilda skiptir máli og þá sérstaklega þeirra deilda sem bjóða uppá barna -og unglingastarf
- Er of mikið að vera með 8-13 deildir í hverfafélagi?
- Jöfn kynjahlutföll, þar sem félög leggja áherslu á að bjóða greinar sem höfða til allra
- Mætti skoða að koma á samstarfi á milli hverfafélaga og sérgreinafélaga sem starfa innan hverfis hverfafélaga til að ná jafnvægi hvað þetta varðar?
- Fjöldi liða sem eiga lið sem keppa í meistaraflokkum, sérstaklega í hópíþróttum og möguleg staða þeirra og árangur
- Það er meiri vinna og getur verið erfitt fjárhagslega að halda úti góðu starfi í mörgum deildum
- Er of mikið álag á félag að vera með 6- 8 lið í meistaraflokkum  í efstu deildum?




# FRAMTÍÐIN

- Það hefur verið mikil uppbygging í íþróttastarfi á undanförnum árum og áratugum
- Núverandi skipulag hefur skilað góðum árangri í gegnum tíðina
- Það er þó ekki sjálfgefið að sama eigi við um framtíðarskipulag íþróttastarfs
- Íþróttafélögin eru mörg frekar lítil og eiga oft erfitt með að mæta auknum kröfum um þjónustu og fagleg vinnubrögð ,sem iðkendur og samfélagið í heild er að kalla á
- Eru félögin of mörg?
- Er möguleiki á hagræðingu og betri nýtingu fjármuna með samrekstri eða sameiningu?
- Á að hvetja til stækkunar félaga,hugsanlega með hvötum sem gæti leitt til sameiningar félaga í framtíðinni.?
- Er möguleiki að stækka rekstrareiningar með auknu samstarfi sérgreinafélaga og hverfafélaga?
- Á að afnema núverandi hverfaskiptingu? Þannig að félögin gætu boðið iðkendum þjónustu sína óháð staðsetningu viðkomandi félags

| |
| --- |
| Iðkendur gætu þá stundað íþróttir hjá þeim félögum, sem best samræmast þeirra væntingum og kröfum |
| Þetta yrði að sjálfsögðu mikil breyting frá núverandi skipulagi |
| Á að setja upp fjárhagslega hvata, sem stuðlað gætu að auknu samstarfi og mögulega sameiningu félaga? |
| Slíkir hvatar eru ekki til staðar í dag |
| Stærri félög með fleiri iðkendur hafa bent á að þau fái hlutfallslega of lítið til rekstrar miðað við fjölda iðkenda |
| Gæti rekstur dýrari eininga eins og afreks  og meistaraflokksstarfs orðið hagkvæmara í stærri einingum?Hvatar til að bæta keppnis – og afreksstarf? |
| Aukið samstarf innan hverfa milli íþróttafélaga og stofnanna borgarinnar og fleiri |

- Fyrir liggur skýrsla starfshóps  ÍBR frá 2021 og góð skýrsla frá Intellecta um málið
- Taka þá skýrslu og skýrsluna frá október 2022  og vinna úr þeim heilstæðar nýjar tillögur
- Á borgin að taka yfir eignir félaganna og reka þær og gera þjónustusamning  við viðkomandi félag um rekstur,líkt og viðræður eru nú í gangi um við KR og Val?
- Gera úttekt á hagrænu gildi íþróttastarfs eins og gert var varðandi skapandi greinar
- Fara í alvöru rekstrarúttekt á félögunum með fulltrúum félaganna,ÍBR og MÍR,líkt og Dieloitte gerði úttekt á knattspyrnudeildum félaganna fyrir árið 2023.
- ÍBR og ÍTR gerðu slíka úttekt fyrir all mörgum árum. Nauðsynlegt að gera slíka rekstrar úttekt aftur.

Deloitte. KSÍ

Hvað þýða stjörnumerkt félög? *

## 01/ Rekstrarreikningur

Færslur niður á bókhaldslyklaflokka og félög árið 2023 - allar tölur í þúsundum króna

Félag: Multiple selections — Veldu félög

Ár: 2023 — Veldu ár

Smelltu hér til að velja gildi í töflu: ISK | Þúsund | Milljón

| Félag / Bókhaldslyklar | 2023 | 2023 | 2023 | 2023 | 2023 | 2023 | 2023 | 2023 | 2023 | 2023 | 2023 | 2023 | 2023 | 2023 | 2023 | 2023 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ⊟ **Afkoma** | 13.262 | (7.472) | (2.141) | (445) | (2.269) | 4 | 990 | 4.278 | (315) | 4.963 | (206) | (2.441) | 87 | (2.212) | (763) | 4.467 | 1.773 |
| ⊟ **Fjármagnsliðir og skattar** | 13.262 | (7.472) | (2.141) | (445) | (2.269) | 4 | 990 | 4.278 | (315) | 4.963 | (206) | (2.441) | 87 | (2.212) | 31 | 161 | 1.773 |
| Skattar | | | | | | | | | | 1.645 | | | | | | | |
| Fjármagnsliðir | 13.262 | (7.472) | (2.141) | (445) | (2.269) | 4 | 990 | 4.278 | (315) | 3.318 | (206) | (2.441) | 87 | (2.212) | 31 | 161 | 1.773 |
| ⊟ **Söluhagnaður (-tap)** | | | | | | | | | | | | | | | (794) | 4.306 | |
| Sölutap | | | | | | | | | | | | | | | | 4.400 | |
| Söluhagnaður | | | | | | | | | | | | | | | (794) | (94) | |
| ⊟ **Gjöld** | (1.003.031) | (579.657) | (210.477) | (144.737) | (279.176) | (55.400) | (269.995) | (298.622) | (201.561) | (398.711) | (388.764) | (309.307) | (125.002) | (355.249) | (60.775) | (235.364) | (548.123) |
| ⊟ **Annar rekstrarkostnaður** | (158.502) | (97.733) | (46.438) | (14.506) | (74.484) | (28.425) | (41.414) | (80.660) | (55.740) | (91.758) | (67.134) | (136.507) | (13.482) | (43.596) | (19.429) | (73.202) | (193.353) |
| Afskriftir | (9.738) | (5.941) | (928) | (900) | (4.833) | (133) | (1.338) | (1.832) | (1.702) | (1.823) | (1.706) | (3.314) | (662) | (850) | | (1.331) | (2.947) |
| Annar rekstur | (19.246) | (13.235) | (24.270) | (4.487) | (50.250) | (4.373) | (20.515) | (36.692) | (81) | (1.010) | (18.026) | (99.770) | | (5.139) | (14.382) | (22.894) | (145.731) |
| Söluvarningur og veitingar | (28.439) | (24.856) | (2.957) | (313) | (3.277) | | | | (2.310) | | | (2.493) | | | | (40.409) | |
| Auglýsingar | | (407) | | | | | | (180) | | (122) | | (312) | | (253) | | | (372) |
| Unglingastarfsemi | (14.871) | | | | | | | (12.756) | | (35.481) | (11.405) | (16.111) | | | | (2.734) | (1.704) |
| Félagaskipti | (12.339) | (4.719) | (1.891) | (1.291) | (2.634) | (752) | (3.572) | (2.494) | (9.371) | (2.343) | (1.196) | (935) | | (4.382) | (263) | (1.972) | (17.702) |
| Annar skrifstofukostnaður | (6.444) | (1.767) | (1.936) | (2.862) | (480) | (2.660) | (3.998) | (3.027) | (3.518) | (4.625) | (827) | (5.446) | (8.985) | (4.696) | (536) | (80) | (5.676) |
| Þjónusta | | | | | (738) | | (4.861) | (3.636) | (500) | (362) | (1.047) | (605) | | | (584) | (1.027) | |
| Síma- og tölvukostnaður | (6.514) | (1.110) | (755) | (1.505) | (944) | (810) | (426) | (1.323) | (2.773) | (2.194) | (1.885) | (342) | | (4.854) | (771) | (17) | (4.256) |
| Annar rekstur mannvirkja | | | | | | | | (247) | (489) | | | | | | | | |
| Viðhald og tryggingar | | | | | | (63) | | | (463) | (73) | (12.905) | | | | | | |
| Húsaleiga | | (20.211) | (1.082) | | | (11.310) | | (11.498) | (15.389) | (42.063) | | | | (6.279) | | | |
| Aðrar vörur | | (9.733) | | | | (5.034) | | (1.352) | | | (10.106) | (1.507) | | | | | |
| Búningar, boltar o.fl. | (32.531) | (15.754) | (7.323) | (1.284) | (5.527) | (2.666) | (5.405) | (2.766) | (8.950) | (1.663) | (8.030) | (4.863) | (2.797) | (5.623) | (1.407) | (2.437) | (13.049) |
| Sjúkravörur | (28.380) | | (5.347) | (1.865) | (5.799) | (625) | (1.299) | (2.858) | (10.194) | | | (809) | (1.038) | (11.519) | (1.486) | (302) | (1.917) |
| ⊟ **Kappleikjakostnaður** | (245.169) | (179.155) | (25.796) | (6.185) | (28.925) | (5.287) | (20.664) | (22.011) | (29.186) | (142.506) | (77.811) | (5.906) | (50.114) | (49.999) | (10.403) | (10.706) | (89.958) |
| Vallarleiga | | (143.415) | | | (7.475) | | | | (5.773) | | (51.130) | | (17.116) | | | | (47) |
| Ferðakostnaður | (148.198) | (35.703) | (23.404) | (6.155) | (12.712) | (4.107) | (7.837) | (8.026) | (14.788) | (131.171) | (18.740) | (4.046) | (20.136) | (47.673) | (10.403) | (7.426) | (34.715) |
| Annar kappleikjakostnaður | (96.970) | (37) | (2.392) | (30) | (8.738) | (1.180) | (12.827) | (13.985) | (8.625) | (11.335) | (7.941) | (1.860) | (12.863) | (2.326) | | (3.280) | (55.196) |
| ⊟ **Laun og tengd gjöld** | (599.360) | (302.769) | (138.243) | (124.046) | (175.768) | (21.688) | (207.918) | (195.951) | (116.635) | (164.447) | (243.818) | (166.894) | (61.406) | (261.654) | (30.943) | (151.457) | (264.813) |
| Annar starfsmannakostnaður | | | | | | (1.917) | | (4.004) | | | (10.144) | | (20.702) | | | (49) | |
| Starfsm.kostn. við aðra flokka ka. og kvk. | (225.523) | (102.311) | (93.831) | | (91.694) | (6.055) | (133.164) | | | | (77.443) | (88.800) | | (117.389) | | (83.748) | (95.252) |
| Starfsm.kostn. við meistaraflokk karla | (98.194) | (50.056) | (15.013) | (17.517) | (10.389) | (3.746) | (12.403) | (124.252) | (13.380) | | (33.367) | (18.389) | (31.159) | (32.549) | (20.750) | (19.942) | (25.423) |
| Starfsm.kostn. á skrifstofu | (48.681) | (67.547) | | | | | (8.843) | | (8.668) | | (12.493) | | | (9.432) | (600) | | |
| Launakostnaður leikmanna | (226.962) | (82.855) | (29.400) | (106.529) | (73.685) | (9.970) | (53.509) | (67.695) | (94.587) | (164.447) | (110.371) | (59.704) | (9.545) | (102.283) | (9.593) | (47.718) | (144.138) |
| **Hagnaður (-tap):** | 105.200 | (16.370) | (46.697) | (504) | 172 | 2.698 | (26.729) | 88.156 | (50.908) | 47.245 | (13.876) | (27.661) | (10.240) | (4.288) | 3.298 | 1.133 | (15.965) |



## Íþróttamaður ársins 2024 sagði í ávarpi sínu við verðlaunaathöfnina:

„Að lokum langar mig að nýta tækifærið og hvetja alla hagsmunaaðila íþrótta að fjárfesta í íþróttum og unga fólkinu okkar. Og búa til umhverfi sem leyfir þeim að blómstra“